

Um kistil eftir Runólf Sveinsson í Klauf

Þessi kistill var í eigu móðursystur minnar, Sigrúnar Jónsdóttur (1903–1984) og ég eignaðist hann eftir að hún féll frá. Sigrún átti síðast heima á Kambuvegi 33 í Reykjavík.

Eins og sést er kistillinn gerður árið 1870 og merktur fangamarkinu SJD, sem vill svo skemmtilega til að getur átt við frænku mína.

Nokkuð víst tel ég að kistillinn sé handaverk Runólfs Sveinssonar (1820–1888) í Klauf í Meðallandi, sem var langafi Sigrúnar og Hansínu móður minnar og því langalangafi minn. Fyrir mörgum árum rakst ég á grein í tímaritinu *Goðasteini*, 1. hefti 1963, þar sem fjallað var um stól Helgu frá Hofi, sem varðveittur er í Skógasafni, og taldi mig sjá líkingu með honum og kistlinum. Ég sendi síðar fyrirspurn til safnsins ásamt myndum og spurði hvort menn þekktu handbragðið. Svar kom með þeim ummælum Þórðar Tómassonar að kistillinn væri eftir Runólf í Klauf.

Ekki veit ég hver SJD var en hef komið mér upp tilgátu: Móðir Sigrúnar – amma mín, Jónína Bjarnadóttir – var dóttir Bjarna Jónssonar og Kristínar Runólfsdóttur, Sveinssonar. Á heimili þeirra var, a.m.k. um skeið, Sigríður Jónsdóttir (1835–1919), systir Bjarna, sem alla ævi mun hafa verið ógift og fylgdi þessari fjölskyldu vestur í Árnessýslu fyrir aldamótin 1900 (líkl. 1899). Sigrún frænka mín sagði mér einhvern tíma að nafn hennar hefði að hluta til verið sótt til þessarar afasystur. Þar kom ég auga á tengingu við fangamarkið á kistlinum og að hann skyldi komast í eigu Sigrúnar. Tek fram að þetta er einungis **tilgáta**, veit þetta auðvitað ekki.

Ég hef ákveðið að afhenda Skógasafni gamla kistilinn minn til varðveislu, tel að hann eigi þar heima.

Jónína Hafsteinsdóttir,
Sogavegi 79, Reykjavík
(ninahafst@vortex.is)